



Anna Kolbrún Árnadóttir, alþm.,
Bergþór Ólason, alþm.,
Gunnar Bragi Sveinsson, alþm.,
Karl Gauti Hjaltason, alþm.,
Ólafur Ísliefsson, alþm.,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, alþm.

Reykjavík, 8. júlí 2019

Vísað er til fyrri samskipta um meðferð erindis frá 3. desember 2018 er lýtur að mögulega broti ykkar á siðareglum fyrir alþingismenn á veitingastofunni Klaustur bar 20. nóvember 2018. Eins og ykkur er kunnugt um hefur forsætisnefnd, skipuð 7. og 8. varافorseta, óskað álits siðanefndar skv. 16. siðareglna á því hvort þið hafið, hvert um sig, brotið gegn háttérnisskyldum ykkar og meginreglum um hátténi eins og því var lýst í bréfi forsætisnefndar, dags. 15. apríl sl., og að teknu tilliti til athugasemda ykkar frá 3. maí sl. Álit siðanefndar barst forsætisnefnd, skipuð 7. og 8. varaforseta, 5. júlí 2019, og er hjálagt.

Með bréfi þessu vill forsætisnefnd gefa ykkur kost á að bregðast við áliti siðanefndarinnar áður en hún tekur endanlega afstöðu til málsins. Þess er óskað að athugasemdir, ef einhverjar eru, berist skrifstofu Alþingis fyrir kl. 16 föstudaginn 19. júlí 2019. Mögulegt er að lengja skilafrestinn komi fram beiðni þar um. Að fenginni niðurstöðu forsætisnefndar verður hún, ásamt áliti siðanefndar, birt á vef Alþingis.

F. h. forsætisnefndar e.u.

Laufey H. Guðmundsdóttir
Laufey Helga Guðmundsdóttir
Lagaskrifstofa Alþingis

Fylgiskjal:

Álit ráðgefandi nefndar skv. 16. siðareglna fyrir alþingismenn, í máli nr. 3/2019, dags. 5. júlí 2019.